

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1981

22. október 1981.

939

Nr. 572.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 183 frá 24. júní 1974, um tollmeðferð
sendiferðabifreiða.

1. gr.

1. mgr. reglnanna falli brott.

2. gr.

Tollskrárnúmer 87.02.36 í 1. og 3. mgr. 1. gr. verði 87.02.41. Jafnframt orðist
2. tl. 1 gr. svo: Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurými með gólfleti sem sé
95 cm eða lengri og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður
ætlaður til að festa á sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. október 1981.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 572. Útgáfudagur 23. október 1981.